

Ár 1985, miðvikudaginn 27. mars, var í málinu nr. 12/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að ágreiningur hefur risið milli Eyrarbakkahepps og Guðmundar Steinssonar, eiganda fasteignarinnar Steinsbæjar í Eyrarbakkaheppi, um það, hvort nefnd fasteign skuli skattlögð samkvæmt a-lið 3.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga eða b-lið sömu greinar.

Guðmundur Steinsson skaut máli þessu til nefndarinnar með bréfi, dags. 18. desember 1984. Mótmælir hann því í bréfinu, að hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hafi lagt fasteignagjöld fyrir árið 1984 á "lögbylið Steinsbæ, samkvæmt skilgreiningunni sumarbústaður". Eru sjónarmið kæranda nánar rökstudd í bréfinu.

Í greinargerð Eyrarbakkahepps, dags. 13. febrúar s.l., segir meðal annars:


"Fasteignin Steinsbær er ekki á skrá yfir lögbyli í Eyrarbakkaheppi. Fasteignin Steinbær hefur ekki verið notuð sem íbúðarhúsnæði um margra ára steið. Því hefur hún í fasteignaskrá verið skilgreind sem sumarbústaður eða annað húsnæði og álagning farið eftir því.

Þá vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu Guðmundar Gíslasonar (Steinssonar) að Steinsbær sé hans annað heimili, þar sem hægt er að leiða vitni að því að í Steinsbæ kemur hann aðeins endrum og eins á hverju ári og oft líða margir mánuðir á milli heimsóknna hans til Eyrarbakka."


Um er að ræða tvílyft timburhús, sem er 157 m<sup>3</sup> að stærð og stendur á 600 m<sup>2</sup> leigulóð. Húsið er íbúðarhús að upprunarlegri gerð og stendur í þéttbýlinu á Eyrarbakka. Samkvæmt því ber að leggja fasteignaskatt á fasteignina á grundvelli a-liðar 3.gr. laga nr. 73/1980.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Álagning fasteignaskatts 1984 á ofangreinda fasteign skal vera á grundvelli a-liðar 3.gr. laga nr. 73/1980.



Pétur Stefánsson



Bjarni Kristinn Bjarnason



Andrés Svabjörnsson